

Fimmtudaginn 3. febrúar 1993.

Nr. 380/1993.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Halldóri Ara Brynjólfssyni

(Hreinn Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að kröfu ákærða, sem krefst aðallega sýknu, og af hálfu ákærvalds með stefnu 6. september 1993 til þyngingar á refsingu og hækkunar á dæmdum skaðabótum.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er sakarmat hans staðfest.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 2 mánuði, en rétt er að fresta fullnustu hennar skilorðsbundið eins og í dómsorði greinir.

Staðfest er niðurstaða héraðsdóms um skaðabótagreiðslu ákærða til Hjartar Steinbergssonar að undanskildu því, að krafa samkvæmt lið 1 d í kröfugerð hans vegna skoðunar á bifreið, að fjárhæð 1.109 krónur, verður ekki tekin til greina, enda tengist hún ekki ákærufni málsins. Samkvæmt þessu nemur heildarfjárhæð skaðabótanna 80.918 krónum.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms skal standa óhaggað, og dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Halldór Ari Brynjólfsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Hirti Steinbergssyni 80.918 krónur í skaðabætur.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hreins Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 5. júlí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. maí sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómi með ákæru, út gefinni 2. apríl 1993, á hendur Halldóri Ara Brynjólfssyni, Miðholti 8, Akureyri, fæddum 10. janúar 1955, fæðingarnúmer 400, „fyrir líkamsárás með því að hafa að kvöldi miðvikudagsins 27. janúar 1993 við Gagnfræðaskóla Akureyrar slegið Hjört Steinbergsson, fæddan 19. maí 1961, hnefahögg í andlitið, en við það brotnuðu gleraugu Hjartar með þeim afleiðingum, að hann hlaut skurðsár neðan við vinstra augnalok.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefst nefndur Hjörtur Steinbergsson þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð kr. 583.778“.

Málsatvik eru þau, að kl. 23.50 miðvikudaginn 27. janúar 1993 kom Hjörtur Steinbergsson, kt. 190561-2759, á lögreglustöðina á Akureyri. Var hann með skurð á vinstra kinnbeini, sem mikið blæddi úr, og sagði, að þá rétt áður hefði hann verið staddur úti fyrir Gagnfræðaskóla Akureyrar og hefði Halldór Ari Brynjólfsson, ákærði í máli þessu, slegið sig hnefahögg í andlitið með fyrrgreindum afleiðingum. Hjörtur var með gleraugu og hafði hann skorist undan glerinu sem brotnaði.

Daginn eftir hringdi Hjörtur Steinbergsson á lögreglustöðina og tilkynnti að losaður hefði verið tappi úr smurólúpönnu bifreiðar hans, sem staðið hafi utan við Gagnfræðaskólann þar sem árásin hafi átt sér stað.

Sama dag kom Hjörtur á lögreglustöðina til skýrslugjafar. Kvaðst hann kvöldið áður hafa verið við vinnu sína í gagnfræðaskólanum, en er hann hefði lokið störfum um kl. 23.40, hefði hann farið að bifreið sinni, sem hann hafði skilið eftir á bifreiðastæði vestan við skólann. Er hann hafi komið að bílnum hafi skyndilega risið upp mannvera fyrir framan hann og hann hafi séð að þar var kominn ákærði. Hafi hann sagt eitthvað í þeim dúr: „Ert þú þarna, helvítis fíflíð þitt.“ Kveðst vitnið hafa svarað á þá leið: „Nú, ertu kominn aftur.“ Kveðst vitnið hafa séð ákærða halda á verkfæri, föstum lykli, í vinstri hendi. Ákærði hafi þá sagt: „Ég var búinn að segja þér að láta Valgerði í friði.“ Hafi engum togum skipt, að hann hafi rekið sér um leið

fast kjaftshögg með krepptum hnefa hægri handar, en hann hafi ekki lamið með þeirri hendi sem hann hélt á lyklinum í. Við höggið hafi strax sprungið fyrir vinstra kinnbeini og blætt mjög mikið úr sárinu. Kveðst vitnið hafa verið með gleraugu, sem brotnuðu við höggið. Vitnið kveðst ekki hafa misst meðvitund, en vankast augnablik við höggið. Ákærði hafi strax snúið frá og gengið til norðurs með ruðningi í átt að leikfímishúsinu við Laugargötu.

Vitnið kvaðst strax hafa farið í bílinn og ekið rakleiðis á lögreglustöðina þar sem hann hefði tilkynnt um atburðinn. Að því loknu hefði hann farið á slysadeild FSA, þar sem gert hefði verið að sárum sínum. Vitnið kvaðst síðan hafa farið að hugsa um hvar ákærði hefði eiginlega verið, er hann kom að bílnum, og ekki getað komist að annarri niðurstöðu en þeirri að hann hefði kropsið við bílinn. Bar vitnið, að sér hefði þá dottið í hug, þar sem ákærði var með skrúflykil í hendi, að hann hefði hugsanlega verið að eða ætlað að vinna spellvirki á bílnum. Þess vegna hafi hann farið með bílinn til skoðunar í Vélsmiðju Akureyrar um morguninn eftir. Þar hafi komið í ljós að búið var að losa tappann úr smurolúpönnunni. Hefði það ekki uppgötvast, hefði tappinn hrokkið úr eftir nokkurn akstur og mótór bílsins hugsanlega brætt úr sér vegna olíuleysis.

Kvaðst vitnið hafa verið röntgenmyndað á FSA. Í ljós hafi komið, að ekki var um beinbrot að ræða og augað hafði sloppið við skemmdir. Kvaðst vitnið ekki hafa séð ölvunareinkenni á ákærða í umrætt sinn, en hann hafi verið afar reiður.

Vitnið Hjörtur skýrði enn fremur svo frá, að ákærði hefði áreitt sig fyrir þennan atburð og hafi ástæðan verið sú að vinfengi var með vitninu og eiginkonu ákærða, sem var skilin við hann að borði og sæng. Hefði ákærði jafnframt áreitt fyrrverandi eiginkonu sínu, Valgerði Skjaldardóttur.

Vitnið skýrði sjálfstætt efnislega eins frá og í skýrslu sinni fyrir lögreglu hér fyrir dóminum og staðfesti jafnframt framangreinda skýrslu. Kvaðst vitnið ekki vera í minnsta vafa um að það hefði verið ákærði, sem veitti honum áverkann.

Vitnið Valgerður Skjaldardóttir gaf skýrslu hjá lögreglu og skýrði þar frá margítrekaðri áreitni ákærða á hendur sér og hótunum, sem hann hefði haft í frammi. Þá kvað hún ákærða hafa hringt í sig eftir að Hjörtur fékk áverkann og sagt sem svo: „Sérðu ekki nú hvað ég get gert?“ Hann hafi einnig sagt að hann myndi ofsækja þau Hjört áfram ef þau færu að búa saman. Þá hafi ákærði sagt að ef hún fengi Sigrúnu (yngsta barnið) stæði sér á sama hvort sér leiddist í fangelsi eða heima hjá sér.

Vitnið staðfesti framangreinda skýrslu hér í dóminum.

Ákærði hefur bæði fyrir lögreglu og hér fyrir dómi neitað allri aðild sinni að framangreindri árás á Hjört Steinbergsson. Þá hefur hann enn fremur neitað að hafa haft uppi áreitni eða hótanir í garð Hjartar og Valgerðar Skjaldardóttur. Skýrði hann svo frá fyrir lögreglu að hann hefði verið heima hjá sér er umrædd árás átti sér stað. Sú staðhæfing ákærða var ekki staðfest af syni hans, sem gaf skýrslu hjá lögreglu og var staddur á heimili þeirra á þeim tíma er hér um ræðir, en hann hefur ekki komið hér fyrir dóm.

Vitnið Felix Jósafatsson lögreglumaður kveðst hafa farið á vettvang, þar sem Hjörtur kvað bílinn hafa staðið og kveðst hafa séð þar blóðbletti í snjónum, einnig hafi það fundið gler úr gleraugum. Segir vitnið að snjór hafi verið þjappaður á staðnum en ekki beinlínis hálka. Segir vitnið að ekkert sérstakt hafi verið á staðnum, sem benti til þess að Hjörtur hefði rekið sig í eða dottið.

Í vottorði Bjarka S. Karlssonar, aðstoðarlæknis á slysadeild FSA, segir: „Þann 28.01.1993 leitar maður á slysadeild FSA laust eftir miðnætti. Kvaðst hann vera ofannefndur Hjörtur. Sagði hann að maður hefði veist að sér fyrir utan Gagnfræðaskólann á Akureyri og slegið sig bylmingshögg á vinstri kinn. Að sögn mun gler í gleraugum hans hafa brotnað. Hjörtur leitaði fyrst til lögreglunnar en kom síðan á slysadeild FSA til skoðunar. Við skoðun er 4 cm skurður neðan vinstra augnaloks með tveimur 1 cm greinum út frá. Brúnir sléttar, engin óhreinindi en talsvert mikil blæðing, engir aðrir áverk- ar sjáanlegir í andliti. Við skoðun á sárinu er fjarlægt um 3 mm þríhyrnings- laga glerbrot. Sár síðan saumað í staðdeygingu og búið um með hefðbundnum umbúðum. Endurkoma að morgni, þá röntgenmyndataka af kinnbeini og ekki er að sjá neina beinaáverka á þeim myndum. Loks endurkoma 03.02. 1993 í saumatöku, þá lítur sár vel út og saumar fjarlægðir. Eftir það var endurkoma óþörf.“ Vottorð þetta er dagsett 10. febrúar 1993.

Fram er komið að ákærði hafði margsinnis fyrir umræddan atburð áreitt bæði vitnið Hjört Steinbergsson og Valgerði Skjaldardóttur vegna vinfengis þeirra og haft uppi hótanir við þau.

Vitnið Valgerður Skjaldardóttir ber að ákærði hafi í símtali við sig eftir atburðinn kannast við verknaðinn.

Vitnið Felix Jósafatsson ber að ekkert sérstakt hafi verið á árásarstað sem benti til þess að kærandi hefði rekið sig í eða dottið.

Framangreint þykir styðja framburð vitnisins Hjartar Steinbergssonar nægjanlega til þess að telja brot ákærða sannað gegn neitun hans.

Varðar brot ákærða við lagaákvæði þau er í ákæru greinir.

Ákærði hefur ekki sætt refsingu samkvæmt vottorði Sakaskrár ríkisins.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 25 daga. Rétt er að fullnustu refsingar verði frestað og að hún falli niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Fyrir liggur í málinu bótakrafa frá Benedikt Ólafssyni hdl. fyrir hönd Hjartar Steinbergssonar á hendur ákærða, að fjárhæð kr. 583.778,-, vegna tjóns er hann telur sig hafa orðið fyrir vegna líkamsárásarinnar.

Sundurliðar hann kröfu sína þannig:

- | | | |
|--|-----|-----------|
| 1. Beinn útlagður kostnaður: | | |
| a) fatahreinsun | kr. | 1.300,- |
| b) sjúkrahúskostnaður | kr. | 3.200,- |
| c) augnlæknir og bráðabirgðagler | kr. | 5.618,- |
| d) Vélsmiðja Akureyrar hf., skoðun á bíl | kr. | 1.109,- |
| e) sérpantað gler í gleraugu | kr. | 5.800,- |
| f) vinnutap frá kennslu (þrír veikindadagar) | kr. | 10.726,- |
| 2. Miskabætur og ófyrirséður kostnaður vegna lýtalækninga, þar með talinn ferðakostnaður og vinnutap | kr. | 500.000,- |
| 3. Lögfræðikostnaður: | | |
| a) þóknun lögmanns | kr. | 45.000,- |
| b) virðisaukaskattur | kr. | 11.025,- |
| Samtals | kr. | 583.778,- |

Ákærði hefur mótmælt kröfu þessari.

Undir lið 1 í kröfugerðinni hafa verið lagðir fram reikningar vegna a-liðar, b-liðar, c-liðar, og d-liðar, en liður e er áætluð tala. Þykir mega taka þessa liði til greina að fullu.

Liður f hefur ekki verið nægjanlega rökstuddur og verður hann ekki tekinn til greina.

Bætur samkvæmt lið 2 þykja hæfilega ákveðnar kr. 40.000,-.

Lögfræðikostnaður samkvæmt lið 3 þykir ásamt virðisaukaskatti hæfilega ákveðinn kr. 25.000,-.

Ber þá að dæma ákærða til að greiða Hirti Steinbergssyni samtals kr. 82.027,- í skaðabætur.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000,-, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hreins Pálssonar hrl., kr. 40.000,- að viðbættum virðisaukaskatti.

Dráttur á uppkvaðningu dóms þessa stafar af önnum dómara og fjarvistum frá störfum.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Ari Brynjólfsson, sæti varðhaldi í 25 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19 /1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Hirti Steinbergssyni kr. 82.027,- í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000,-, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hreins Pálssonar hrl., kr. 40.000,- að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
